



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Rannsóknar- og
miðlunarsvið Suðurgata 39
101 Reykjavík (354) 570 13
00 www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Friðfinnur Skaftason
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

fimmtudagur, 11. apríl 2024
MÍ202404-0087/ 6.00 / O.I.

Efni: Minnisblað vegna fyrirspurnar um mótvægisáðgerðir vegna minja á fyrirhuguðu flugvallarstæði í Hvassahrauni.

Eftirfarandi er minnisblað vegna fyrirspurnar sem barst Minjastofnun frá starfshópi um mögulegan flugvöll í Hvassahrauni og varðaði mögulegar mótvægisáðgerðir vegna minja á fyrirhuguðu flugvallarstæði.

Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti er um að ræða um 27 km², sunnan Reykjanesbrautar sem er til athugunar vegna mögulegs flugvallarstæðs (sjá meðfylgjandi kort) en nákvæm staðsetning flugvallarins liggur ekki fyrir á þessu stigi málsins.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn eru nú skráðar 79 fornleifar innan svæðisins. Stór hluti minja á svæðinu eru vörður á gömlum leiðum sem liggja um svæðið, en einnig eru þar tvær selstöður, Hvassahraunssel og Lónakotssel, þar sem er að finna fjölda minja af ýmsu tagi, eins og seljarústirnar sjálfar auk útihúsa og garðlaga.

Í ljósi umfangs mögulegra framkvæmda við flugvöll á svæðinu, er það mat Minjastofnunar að gera þyrfti ítarlega vettvangskönnun á svæðinu. Fara þurfi á alla þekkta minjastaði og mæla minjarnar upp og mynda úr lofti með dróna, sem og á jörðu niðri. Jafnframt þyrfti að gera ítarlegri leit að minjum á svæðinu og er þá helst horft til gróðurvinja eða óbrennishólma í hrauninu, en reynsla af fornleifaskráningu á Reykjaneskaga hefur sýnt að minjar er gjarnan að finna á slíkum stöðum. Einnig þyrfti að kortleggja gamlar leiðir á svæðinu.

Að þessu loknu verður fyrst hægt að leggja endanleg mat á umfang mótvægisáðgerða vegna minja á svæðinu, en líklegt þykir þó að ráðast þurfi í nokkuð umfangsmiklar rannsóknir (fornleifauppgröft) í einhverjum tilvikum og er í þá einkum horft til Hraunssels og Lónakotssels í því sambandi, en ekki er þó loku fyrir það skotið að fleiri staðir kalli á frekari rannsóknir, a.m.k. í formi könnunarskurða.

Virðingarfyllt,

Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri

Agnes Stefánsdóttir
Sviðsstjóri

Oddgeir Isaksen
Verkefnastjóri
oddgeir@minjastofnun.is

Flugvöllur í Hvassahrauni. Áhrifasvæði og minjar.

